

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2318  
Komudagur 5.5.2004

Til Allsherjarnefndar Alþingis,

Ég vísa til bréfs yðar dags. 1 dag, 5. maí, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög. Ef erindi þessu er beint til mín sem einstaklings þá verð ég því miður að tilkynna að starfs mins vegna væri það ekki við hæfi að ég gæfi slíka umsögn, sbr. síðar. Ef hins vegar er verið að óska umsagnar fjölmiðladeildar Evrópuráðsins þá vil ég benda á að senda þarf bréf (eða tölvupóst) þar að lútandi á ensku til mín eða yfirmanns deildarinnar, Hr. Christophe Poirel (christophe.poirel@coe.int <mailto:christophe.poirel@coe.int>) ásamt þýðingu á frumvarpinu og gildandi útvarpslögum. Ég get fullvissað yður um að reynt yrði að bregðast skjótt og vel við slíku erindi.

Til upplýsingar vil ég taka fram að um árábil hefur fjölmiðladeildin boðið upp á ráðgjöf til aðildarríkja við samningu lagafrumvarpa sem snerta fjölmiðla. Þessi þjónusta stendur öllum aðildarríkjunum 45 til boða að teknu tilliti að sjálfsögðu til mannafla sem við höfum yfir að ráða og fjármagns. Hefur þessi þjónusta einkum verið nýtt af ríkjum þar sem ekki er mikil þekking fyrir hendi innanlands á þeim flóknu atriðum sem þarf að taka til skoðunar eigi löggjöf á þessu sviði að samræmast kröfum Evrópuráðsins. Þessi ráðgjöf hefur margsannað gildi sitt og hjálpað til við að finna hentugar lausnir á aðkallandi vandamálum í aðildarríkjunum sem samrýmast Mannréttindasáttmála Evrópu. Ráðgjöfin fer yfirleitt þannig fram að 1-2 valinkunnir óháðir sérfræðingar á sviði fjölmiðlaréttar sem þekkja vel sáttmála og tilmæli Evrópuráðsins eru beðnir um að gefa skriflega umsögn um fyrirliggjandi frumvarp. Ef þörf krefur er síðan efnt til fundar í viðkomandi landi (eða í Strassborg) með viðkomandi ráðuneyti eða þingnefnd til að ræða athugasemdir sérfræðinga Evrópuráðsins. Hlutverk starfsfólks fjölmiðladeildarinnar, eins og míns sjálfs, í þessu sambandi er að hafa umsjón með skipulagi slíkrar ráðgjafar (velja sérfræðinga, skipuleggja fundi, lesa yfir og ganga frá umsögnum frá sérfræðingum o.s.frv.) og vera til staðar á sérfræðingafundum. Þess má geta að skriflegar umsagnir binda ekki Evrópuráðið heldur eru þær settar fram í nafni þeirra sérfræðinga sem í hlut eiga. Líta má á ráðgjafarstarf þetta sem gagnkvæma aðstoð milli aðildarríkjanna sem við höfum milligöngu um.

Beiðni um ráðgjöf þarf að berast frá stjórnvöldum í viðkomandi landi eða frá

löggjafarþinginu. Umsagnir eru ekki birtar almenningi nema með samþykki álitsbeiðanda en yfirleitt er slíkt samþykki veitt auðfúslega.

Allar nánari upplýsingar um fjölmiðladeild Evrópuráðsins má finna á heimasíðu okkar, [www.coe.int/media](http://www.coe.int/media) <<http://www.coe.int/media>> , þar á meðal grundvallartexta Evrópuráðsins sem varða fjölmiðla og umsagnir sem gefnar hafa verið um lagafrumvörp í fjölmörgum Evrópulöndum undanfarin ár. Þar að auki myndi ég vilja benda á bókina "Television and Media Concentration - Regulatory Models on the National and the European Level" sem gefin var út af einni af undirstofnunum Evrópuráðsins, European Audiovisual Observatory árið 2001. Margvíslegar upplýsingar um sjónvarpsmarkaðinn í Evrópu og löggjafarþróun er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.obs.coe.int/index.html.en> <<http://www.obs.coe.int/index.html.en>>